Akraneskaupstaður
Skipulags- og umhverfissvið
Bt. Halla Marta Árnadóttir skipulagsfulltrúi

**Framkvæmdaleyfisumsókn vegna endurbóta á sjósetningaraðstöðu**



Mynd 1: Horft niður núverandi sjósetningarrampa

Með erindi þessu sækja Faxaflóahafnir um framkvæmdaleyfi vegna endurbóta á sjósetningaraðstöðu. Núverandi sjósetningaraðstaða er neðan Hafnarhússins við Faxabraut. Þar er á rampnum láréttur pallur með áföstum timburkubbum ásamt viðlegukanti sem eigendur nota til tilfallandi viðhalds á smábátum. Við enda rampsins er síðan skammt í klappir sem standa upp úr botninum. Á stórstraumsfjörum hefur reynst erfitt að komast fram hjá timburkubbunum á rampnum og út á neðsta hluta rampans, sem er grófur, og fram hjá klöppunum við endann. Björgunarfélag Akraness hefur óskað eftir við Faxaflóahafnir að gerðar verði endurbætur á þessari aðstöðu.

Við athugun á aðstæðum voru menn sammála um að einfaldast væri að breikka rampann ofan við lárétta pallinn og gera skábraut þaðan út í höfnina. Þannig kæmi sjósetningaraðstaða óháð núverandi viðgerðaraðstöðu smábáta. Breikka þyrfti steypta þekju og teygja hana áleiðis niður þennan nýja rampa. Þarna þarf að útvega talsvert að grófu efni og steypa síðan þekjuna.

Ráðgjafafyrirtækið COWI var fengið til að útfæra þessar endurbætur í samráði við Björgunarfélag Akraness. Fyrir liggur uppdráttur nr. 1010253-V02-0001 dagsettur 7. maí 2024.

Faxaflóahafnir óska eftir framkvæmdaleyfi fyrir þessari framkvæmd. Áætlað er að hefja verkið sem fyrst og freista þess að ljúka framkvæmdum á þessu ári. Verði tíðafar óhagstætt gæti þurft að fresta steypuvinnunni til næsta árs.




Mynd 2: Tillaga að viðbót við núverandi rampa.

Fylgiskjöl:

Akraneshöfn-skábraut, teikning Cowi dags. maí 2024

Með bestu kveðju

Faxaflóahafnir sf
Associated
Icelandic
Ports

Ólafur Melsted

Skipulagsfulltrúi Faxaflóahafna




GRUNNMYND
MKV. 1




KENNISNIÐ Í GRJÓTVÖRN OG STEYPTA SKÁBRAUT
MKV. 2

HNITASKRÁ

Í HNITAKERFI ÍSNET93

| HNIT | AUSTUR | NORÐUR | HÆÐ |
|---|---|---|---|
| P1 | 350850.7 | 427274.7 | 2.65 |
| P2 | 350861.7 | 427279.1 | 1.45 |
| P3 | 350875.9 | 427284.8 | 0.70 |
| P4 | 350878.5 | 427278.1 | -0.70 |
| P5 | 350878.2 | 427273.2 | -0.70 |

SKÝRINGAR:

STEINSTEYPA, GÆÐI,FRAMLEIÐSLA, MEÐFERÐ OG PRÓFANIR SKULU VERA Í SAMRÆMI VIÐ ÍST EN 206:2013.

| | |
|---|---|
| STYRKLEIKAFLOKKUR: | C35/45 |
| ÁREITISFLOKKUR: | XF4, XS3 |
| KORNASTÆRÐ: | 22mm |
| KLÓRÍÐH. FLOKKUR: | CL 0,20 |
| SIGMÁLSFLOKKUR: | S3 |
| LOFT: | 5,5% |
| SEMENT: | ≥380Kg/m3 |
| V/S HLUTFALL: | ≤0,40 |
| VIKMÖRK LOFTINNIHALDS: | +3% |

STÁL MERKT K ER KAMBSTÁL OG SKAL VERA B500C SAMKVÆMT NS 3570-3

VERKTAKA ER HEIMILT HVORT SEM ER AÐ SLÍTA PLÖTU MEÐ ÞVÍ AÐ STEYPA Í ÁFÖNGUM EÐA SAGA RAUF Í PLÖTU EF PLATAN ER STEYPT Í EINUM ÁFANGA. JÁRNAGRIND MÁ HVORT SEM ER VERA SLITIN VIÐ FÚGUR EÐA GANGA ÓSLITIN Á MILLI EININGA. YFIRBORÐ STEYPU, DREGINN SKAL GRÓFUR KÚSTUR ÞVERT Á PLÖTU TIL AÐ MYNDA JAFNA EN NOKKUÐ GRÓFA ÁFERÐ SEM GEFUR GÓÐA VIÐSPYRNU FYRIR HJÓLBARÐA.

FLOKKUN GRJÓTS:

FLOKKUR II: ALLIR STEINAR MILLI 0,2 OG 1,0 TONN OG MEÐALÞYNGD 0,5 TONN. GRJÓTIÐ SKAL VERA VEL BLANDAÐ.

FLOKKUR III:SPRENGDUR KJARNI ÚR NÁMUM. NOTA SKAL SPRENGT BERG ÚR NÁMUM UNDIR STÆRÐARMÖRKUM FLOKKA I OG II. KJARNI MÁ EKKI INNIHALDA NEIN LÍFRÆN EFNI, MOLD EÐA LEIR.

EKKI SKAL SETJA FÍNT EFNI UNDIR STEYPU TIL AÐ JAFNA ÓJÖFNUR ÚTAF HÆTTU Á ÚTSKOLUN, LEYFA STEYPU AÐ FYLLA Í ÞÆR.

MKV 1: 0 – 4 – 8 – 12 – 16 – 20 m, 1:200 (A2)

MKV 2: 0 – 0.4 – 0.8 – 1.2 – 1.6 – 2.0 m, 1:20 (A2)

ÚTGÁFUFERILL

| ÚTG. | DAGS. | SKÝRINGAR | HANNAÐ | YFIRF. | SAMÞ. |
|---|---|---|---|---|---|
| 01 | 07.05.2024 | FRUMÚTGÁFA | HAM | GJ | GJ |

VERKKAUPI: Faxaflóahafnir sf Associated Icelandic Ports

HÖNNUÐUR: COWI

© ÖLL AFNOT OG AFRITUN TEIKNINGAR, AÐ HLUTA EÐA HEILD, ER HÁÐ SKRIFLEGU LEYFI HÖFUNDA.

DAGS. UNDIRSKRIFTAR | F.H. MANNVITS (NAFN OG KT.)

HEITI VERKS: AKRANESHÖFN-SKÁBRAUT

300 - AKRANES

HEITI TEIKNINGAR: SKÁBRAUT

GRUNNMYND OG SNIÐ

| VERKNÚMER | MKV. | STÆRÐ |
|---|---|---|
| 1.010.253 | 1:20/200 | A2 |

| TEIKNINGANÚMER | ÚTGÁFA |
|---|---|
| 1010253-V02-0001 | 01 |